



Luxembourg 13 May 2024

## FRÉTTATILKYNNING 05/2024

### Dómur í máli E-7/23 *ExxonMobil Holding Norway AS*

#### Undanþágan um „endanlegt tap” fyrir skattfrádrátt á ekki við svo lengi sem dótturfélag í öðru EES-ríki hefur smávægilegar tekjur

Með dómi sem var kveðinn upp í dag, veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit um spurningu frá áfrýjunardómstóli Borgarting (*Borgarting lagmannsrett*) varðandi nánari skýringu á dómaframkvæmdinni sem leiðir af dómi EFTA-dómstólsins frá 13. september 2017 í *Yara International* málinu, í ágreiningsmáli sem lýtur að möguleika norsks móðurfélags til að nýta rekstrartap dótturfélags í öðru EES-ríki.

Málið fyrir landsdómstólnum snýst um gildi ákvörðunar sem var tekin af norskum stjórnvöldum, þar sem þau synjuðu óskum móðurfyrirtækisins um að draga frá fjárframlag til dansks dótturfélags sökum þess að starfsemi dótturfélagsins var áframhaldandi árið eftir, og þannig haldið áfram að skapa tekjur fyrir fyrirtækið. Þar af leiðandi taldist tapið ekki vera endanlegt í skilningi undanþágunnar í *Yara*.

Áfrýjunardómstóll Borgarting sendi beiðni til EFTA-dómstólsins um að skýra nánar hvort að undanþágan um „endanlegt tap” eigi við þegar dótturfélag fær greiddar, a.m.k. smávægilegar tekjur á rekstrarárinu eftir árið þegar frádráttar er krafist, eða hvort framkvæma þurfi sérstakt mat til að ákvarða hvort að áframhaldandi tekjur dótturfélagsins muni í raun draga úr tapi þess, eða þess hluta tapsins sem krafist er frádráttar fyrir. Þ.e., hvort “smávægilegar tekjur” ráði einungis úrslitum ef þær kunni að gefa til kynna að hvaða marki það er mögulegt að afla tekna í fyrirtækinu, eða hvort tilvist smávægilegra tekna ráði úrslitum og útiloki beitingu undanþágunnar.

EFTA-dómstóllinn áréttaði að samkvæmt dómi sínum í *Yara*, gæti takmörkunin sem um ræðir vissulega verið réttlætunleg. Hins vegar bryti það í bága við skilyrðið um meðalhóf í 31. og 34. EES-samningsins ef tapið væri endanlegt og dótturfélag í öðru EES-ríki hefði fullnýtt alla möguleika til að nýta tap í heimaríki sínu.

Því næst skýrði dómstóllinn nánar hvað væri átt við með endanlegu tapi. Taldi dómstóllinn að tap sem dótturfélag í EES-ríki verður fyrir gæti aðeins talist endanlegt hafi dótturfélagið ekki lengur tekjur í heimaríki sínu. Svo lengi sem dótturfélagið fengi áframhaldandi smávægilegar tekjur, væri möguleiki á því að unnt væri að nýta rekstrartapið vegna hagnaðar í framtíðinni. Þar af leiðandi væri útilokað að nýta undanþáguna þegar dótturfélag hefði aflað tekna, þótt það væru smávægilegar tekjur, á reikningsárinu eftir árið þar sem farið væri fram á tapsfrádrátt.

EFTA-dómstóllinn benti enn fremur á að jafnvel þótt sannað væri að dótturfélagið hefði engar tekjur fengið í heimaríki sínu, væri tapið ekki skilgreint sem endanlegt ef það væri möguleiki á að draga úr tapinu með tilfærslu til þriðja aðila. Í því samhengi benti dómstóllinn á að sú staðreynd ein og sér að ekki væri unnt að nýta rekstrartap samkvæmt lögum heimaríkis (til að mynda ef ekki er unnt að flytja tap til þriðja aðila) leiddi ekki til þess að tap teldist endanlegt.

EFTA-dómstóllinn taldi það einnig samrýmast 31. og 34. gr. EES-samningsins að EES-ríki krefjist þess, til að sýna fram á að tap sé endanlegt, að formlega hafi verið ákveðið að slíta félaginu strax eftir lok þess rekstrarárs sem tapsfrádráttar er krafist.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: [www.eftacourt.int](http://www.eftacourt.int)

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.